

REGLUGERÐ um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragrundi.

1. gr.

Frá og með 27. september til og með 31. mars eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrundi, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $65^{\circ}03' N - 26^{\circ}42' V$
2. $65^{\circ}10' N - 26^{\circ}42' V$
3. $65^{\circ}10' N - 25^{\circ}43' V$
4. $65^{\circ}03' N - 25^{\circ}50' V$

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. september 2006.

F. h. r.
Árni Múli Jónasson.

Þórður Eypórsson.